

Síldarminjasafnið á Siglufirði keppir um evrópsku safnaverðlaunin



Safnaráð Evrópu (European Museum Forum) hefur sent út tilkynningu um að [Síldarminjasafnið á Siglufirði](#) sé meðal 40 evrópskra safna, sem hafa verið valin til áframhaldandi keppni um evrópsku safnaverðlaunin 2004. Hefðin er sú að dómnefnd skoðar öll þau söfn sem tilnefningu hljóta og velur um 60% þeirra til aðalkeppninnar. Á árlegum fundi Safnaráðs Evrópu, sem að þessu sinni verður haldinn í Aþenu 5.-8. maí í vor, verða úrslit kunngerð og safnaverðlaunin veitt. Til þessa fundar er boðið fulltrúum þeirra safna sem halda áfram í keppninni. Þessi tíðindi eru mjög ánægjuleg og mikils virði fyrir Síldarminjasafnið og íslenskan safnaheim. Einnig er þetta fagnaðarefni fyrir Safnaráð sem tilnefndi Síldarminjasafnið og ákvað þar með þátttöku Íslands í fyrsta skipti í þessari virtu keppni.

Gegn Einelti

Olweusaráætlunin gegn einelti

Einelti hefur dregist saman um tæp 40% milli ára í þeim grunnskólum sem hafa tekið þátt í Olweusaráætluninni gegn einelti. Í 8. bekk hefur eineltið minnkað mest.

„Niðurstöðurnar endurspeгла góðan árangur af eineltisáætluninni“ segir Dan Olweus prófessor „og niðurstöðurnar eru einstakar á unglingastiginu. Árangurinn er þeim mun glæsilegri þar sem norskar og alþjóðlegar rannsóknir hafa leitt í ljós að erfðara reynist að ná jákvæðum breytingum á þessu skólastigi, a.m.k. á þetta stuttum tíma“, segir Dan Olweus.

Umsjónarkennarar bregðast vel við í könnun um einelti segja nemendur að umsjónarkennarar bregðist mun betur við en áður þegar kemur að því að vinna gegn einelti.

Nemendur voru spurðir hve mikið þeim fyndist umsjónarkennarar gera „til að koma í veg fyrir einelti í bekknum undanfarna mánuði“.

Í 8. - 10. bekk svarar þriðji hver nemandi

að umsjónarkennari geri „nokkuð mikið“ eða „mikið“. Í fyrra var sambærileg tala 21%. Er því um 50% aukningu að ræða. Ennþá fleiri nemendur í 4. - 7. bekk svara á sama veg. Í fyrra sögðu 32,4% að umsjónarkennarinn gerði mikið eða nokkuð mikið. Núna svara 55,6% á sama veg. Aukning um 67%.

„Þessar tölur eru þeim mun gleðilegri þar sem starf umsjónarkennara er mjög mikilvægt í Olweusaráætluninni okkar,“ segir Þorlákur Helgason, framkvæmdastjóri eineltisverkefnisins á Íslandi.

Umræðan er orðin hreinskilnari

„Þetta er gleðilegur árangur og sýnir svo ekki verður um villst að [Olweusaráætlunin](#) er að skila miklum árangri í þeim skólum þar sem henni hefur verið framfylgt,“ segir Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir menntamálaráðherra. Hún segir mikilvægt að umræðan um einelti hafi orðið hreinskilnari á síðustu árum og fólk verið óhræddara við að ræða einelti og afleiðingar þess. Þær geti verið gríðarlegar, meðal annars geti einelti leitt til breyttrar sjálfsmyndar stúlkna og drengja. Afleiðingar eineltis fylgi börnum eftir upp í framhaldsskóla og mörg dæmi séu um að fórnarlömb eineltis hverfi úr framhaldsskóla án þess að ljúka námi.

Fyrir liggja umsóknir frá 55 skólum til viðbótar þeim 45 sem eru fyrir um að taka

þátt í Olweusaráætluninni gegn einelti. Menntamálaráðherra hyggst beita sér fyrir því að hægt verði að svara umsóknum þeirra á jákvæðan hátt. „Með því að taka á einelti erum við að koma í veg fyrir önnur þjóðfélagsvandamál síðar meir. Það má heldur ekki gleyma því að hvert einasta barn skiptir máli og með því að fækka þeim börnum um mörg hundruð er verða fyrir einelti erum við að ná einstökum árangri, árangri sem nú þegar hefur vakið athygli út fyrir landsteinana“ segir menntamálaráðherra.

Nánari upplýsingar um Olweusaráætlun gegn einelti er að finna á vefnum [olweus.is](#)

Aðalnámskrár á ensku

Nýverið kom út aðalnámskrá leikskóla á ensku og ber hún heitið [National Curriculum: Guide for Pre-schools](#). Til athugunar er að þýða fleiri námskrár á ensku.



Nánari upplýsingar um námskrárnar er að finna á vef menntamálaráðuneytisins, [menntamalaraduneyti.is](#) og á [mentagatt.is](#)

